10. fundur stjórnar

Starfsárið 2026-2027

10. september 2026

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Margrét (áheyrnarfulltrúi félagaráðs), Kári (framkvæmdastjóri).

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 16:34

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Félagsfundur að hausti og tengd dagskrármál

Bjarndís leggur til að þema á landsþingi Samtakanna í tengslum við aðalfund í mars verði „öryggi hinsegin fólks“ í víðum skilningi. Stjórn samþykkir það. Eitthvað tengt sama þema verði einnig á dagskrá næsta félagsfundar að hausti. Stjórn er samþykk því einnig. Stungið er upp á dagsetningu félagsfundar: fimmtudaginn 5. nóvember. Hugmyndavinna um félagsfundinn heldur áfram.

3. Verkefni haustsins

Kári fer yfir verkefni haustsins sem fyrir liggja. Klára þarf mál tengd skipulagi skrifstofu og starfsmannamálum en þau eru komin vel á veg. Kári greinir stjórn betur frá því síðar. Hann stiklar svo á stóru með önnur verkefni sem framundan eru. Stjórn ræðir ýmis verkefni og möguleg jóla- eða þrettándagleði vetrarins. Ákveðið er að hafa frekar þrettándagleði að hætti síðasta vetrar en hefðbundna jólagleði.

4. Hýrasta jólatréð

Framhald af síðasta fundi. Rakel Tómasdóttir hefur tekið að sér að hanna Hýrasta jólatréð í ár og stefnir á að vera búin að senda inn hönnun í lok þessa mánaðar. Stjórn ræðir næstu skref.

5. Hinsegin vottun - Regnbogaviti

Umræða er um að skipta um nafn á Hinsegin vottun Samtakanna. Systursamtökin Fri í Noregi notast við, í sambærilegu verkefni sínu, nafn sem á íslensku myndi útleggjast

„Regnbogaviti“ og hugmyndin er að taka upp það nafn. Forsvarsfólk Fri er samþykkt því. Stjórn tekur vel í þetta.

6. Erasmus+

Fulltrúar stjórnar og skrifstofu sóttu kynningu um styrki sem í boði eru í gegnum Erasmus+-áætlun Evrópusambandsins. Bjarndís hvetur stjórn til að velta þessu fyrir sér og koma með hugmyndir að mögulegum verkefnum sem hægt væri að sækja um styrki fyrir.

7. Önnur mál

a. Stjórn ræðir stöðu norræns samstarfs.

b. Sveinn spyr hvort búið sé að skipa nefnd um afmælisár Samtakanna 2028. Svo er ekki. Brýnt er að byrja þá vinnu. Stjórn ræðir.

c. Til stendur að fulltrúar Rauðu regnhlífarinnar komi á fund stjórnar og kynni málstað sinn. Bjarndís segir frá. Dagsetning þessa er enn sem komið er óákveðin.

d. Vinnustofur með Þjóðkirkjunni í prófastdæmum landsins eru að fara í gang. Bjarndís segir frá.

Fundi slitið: 17:37.